

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalin  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. maí 2014  
Tilvísun: UST20140500081/ksj

## Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023, í landi Reykjahlíðar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 12. maí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Tillagan felur í sér eftirfarandi breytingar: Landnotkunarreit 122-S/V svæði fyrir þjónustustofnanir og verslun og þjónustu verður breytt í 122-Íb, íbúðarsvæði. Nýr reitur 123-V er skilgreindur fyrir verslun og þjónustu á Eldhrauni (áður Eldtá). Nýr reitur 124-V er skilgreindur vatnsmegin vegar fyrir ferðaþjónustu og nýtt opið svæði til sérstakra nota 125-O einnig vatnsmegin vegar. Í reit 124-V er gert ráð fyrir fuglaskoðunarhúsi án lagna og fráveitu. Þéttbýlismörkum Reykjahlíðar er breytt vegna tillögu um nýjan verslunar- og þjónustureit og þau færast að aðkomuvegi flugvallar. Að mati Umhverfisstofnunar væri nægilegt að stækka þéttbýlismörk þannig að þau nái um reit 123-V þar sem reisa á smáhýsi, en restin af Eldhrauni (Eldtá) verði áfram hverfisverndað svæði.

### Eldhraun

Áætlað er að reisa 16 smáhýsi á Eldhrauni (Eldtá) í landi Reykjahlíðar. Skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur. Fram kemur í umfjöllun um áhrifamat í greinargerð breytingartillögunnar að tillaga á breytingu á aðalskipulagi muni hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir, náttúru og ásýnd lands og byggðar vegna fyrirhugaðrar uppbryggingar á ósnertu hverfisvernduðu hrauni. Umhverfisstofnun tekur undir það. Enn fremur segir í greinargerð: Uppbygging smáhýsa á hrauninu skal því vera afturkræf framkvæmd. Einnig kemur fram í töflu yfir landnotkunarreiti að lagnir skuli lagðar í stíga. Umhverfisstofnun bendir á að ef ryðja á göngustíga í hrauni þá eru það ekki afturkræf framkvæmd, því áhrif af röskun hrauns er ekki hægt að afmá. Ef ætlunin er að lyfta framkvæmdum þannig að að aðgerðir verði afturkræfar, þá tekur Umhverfisstofnun undir það sem áhugaverða tilraun.

### Sjónræn áhrif

Neikvæð sjónræn áhrif af gisti-smáhýsum á Eldhrauni verða eftir sem áður, og því er mikilvægt að huga að litavali smáhýsa og staðsetningu stíga, sem einnig munu þjóna sem þjónustustígar.

## Fráveita

Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að flæði næringarefna frá mannabyggð verði takmörkuð til verndar lífríkis Mývatns enda segir í 24. gr. reglugerðar um nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu að skólp á vatnasviðinu skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7.gr. reglugerðar um fráveitum og skólp. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt væri að í áætlunum um nýja gistimöguleika í nágrenni við Mývatn væri gert ráð syrir fráveitu sem fer í safntank og seyra fjarlægð af svæðinu, þar sem kúluskítur er horfinn úr Mývatni og talið er að um osauðgun frá mannlegri starfsemi sé að ræða í vatninu sbr. skýrsla Árna Einarssonar The lake balls of Mývatn in memoriam, en þar kemur fram í útdráetti á íslensku: "Eina raunhæfa leiðin til að snúa þeirri óheillaþróun (þ.e. hvarf kúluskíts) við sem hér hefur verið lýst er sú að takmarka sem mest má verða að næringarefni ( N og P ) berist í grunnvatn og þaðan út í Mývatn .Næringarefni berast frá mannabyggð, skepuhaldi, ræktun gróðurs og vinnslu dýraafurða og áður fyrr frá námuvinnslu kísilgúrverksmiðjunnar. Taka þarf þessi mál einkum fráreppsli frá byggð og gistiöðum til gagngerrar endurskoðunar."

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir þær breytingar sem orðið hafa á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skúlusstaðahrepps 2011 - 2023 á reit 122 og að ekki er gert ráð fyrir íbúðarlóðum á Eldhrauni (Eldtá). Að áætla afturkræfar framkvæmdir gisti-smáhýsa á Eldhrauni er áhugaverð tilraun, en það fer eftir útfærslu hvort það tekst. Gerð göngustíga sem einnig munu þjóna sem þjónustustígar mun raska hrauni og er mikilvægt að þeir séu staðsettir þannig að þeir séu felldir vel að hrauninu. Áfram verða neikvæð sjónræn áhrif sem munu hafa áhrif á ásýnd að hrauni og eldri byggð í Reykjahlíð. Sérstaklega þarf að huga að litavali og ásýnd til að minnka sjónræn áhrif.

Virðingarfallst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun